



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 11. nóvember 2024

VEL23060034

UMSÖGN

Umsögn um samþykkt velferðarráðs um framkvæmdaráætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2024-2027.

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um samþykkt velferðarráðs um framkvæmdaráætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2024-2027.

Framkvæmdaráætlun 2024-2027 er unnin á grundvelli 9 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Hún er yfirlit yfir starfsemi, stefnu, markmið, hlutverk og framtíðarsýn Barnaverndar Reykjavíkur (BR). Í inngangi skýrslunnar kemur fram að tilgangur framkvæmdaráætlunar í barnavernd sé að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi. Áætluninni er ætlað að vera brú á milli núverandi stöðu og framtíðarsýnar stofnunar og er áhersla lögð á skýr og mælanleg markmið, sem eru raunhæf og tímasett.

Framkvæmdaráætlun Barnaverndar Reykjavíkur felur í sér eftirfarandi fjögur meginmarkmið:

- Barnavernd Reykjavíkur er skilvirk og vönduð stofnun með öflugum innra starfi
- Barnavernd Reykjavíkur sýnir ráðdeild og hagkvæmni í rekstri og fjármálum
- Barnavernd Reykjavíkur og Betri Borg fyrir Börn – öflugt samstarf um farsæld og samþættingu
- Barnavernd Reykjavíkur njóti trúverðugleika og trausts

Ítarlega er fjallað um hvert markmið fyrir sig og sett fram ellefu undirmarkmið og 31 aðgerð til að ná fram þessum meginmarkmiðum.

Umsögn

Framkvæmdaráætlun veitir fróðlegar upplýsingar um starfsemi, stefnu, og framtíðarsýn Barnaverndar Reykjavíkur. Fjármála- og áhættustýringarsvið vill þó benda á að þar sem áætluninni er ætlað að vera brú á milli núverandi stöðu og framtíðarsýnar Barnaverndar Reykjavíkur hefði verið upplýsandi að sjá umfjöllun um stöðu Barnaverndar í dag og helstu áskoranir sem stofnunin stendur frammi fyrir.

Framkvæmdaráætluninni fylgir ekki kostnaðarmat og ekki eru settir fram mælikvarðar um árangur en samkvæmt upplýsingum frá Velferðarsviði rúmast áætlunin innan núverandi fjárheimilda. Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að æskilegt er að fyrir liggja greinargóð áætlun á bak við verkefni og áherslur sem lýsir breyttri forgangsröðun



Reykjavík



og kostnaði við þau. Að öðru leyti leggur fjármála- og áhættustýringarsvið ekki mat á innihald framkvæmdaráætlunar og litið svo á að framkvæmdaáætlunin rúmist innan fjárhagsáætlunar.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík